



Ytra mat Leikskólinn Fífusalir

Ytra mat þetta er unnið á vegum Menntamálastofnunar fyrir
Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Eyja- og Miklaholtshrepp.

Höfundar: Inga Dóra Jónsdóttir og Sigríður Sigurðardóttir
© Menntamálastofnun, 2016.
ISBN 978-9979-0-2091-2

Efnisyfirlit

Samantekt niðurstaðna	5
Inngangur	7
Markmið og tilgangur	7
Leikskólinn.	8
Leikskólinn og umhverfi hans	8
Starfsmenn.	8
Húsnæði	8
Útileiksvæði	9
Hugmyndafræði og áherslur	9
Stjórnun	10
Stjórnskipulag og skipurit.	10
Námskrá og áætlanir	10
Stjórnun og starfsmenn.	11
Fagleg forysta	11
Starfsandi og starfsánægja	12
Uppeldis- og menntastarf	13
Námsaðstæður	13
Starfshættir	14
Lýðræði, jafnrétti og þátttaka barnanna	14
Námssvið	14
Velferð og líðan barna	15
Mat á námi og velferð barna	15
Foreldrasamvinna og ytri tengsl	16
Þátttaka foreldra og upplýsingamiðlun	16
Viðhorf foreldra	17
Samstarf við grunnskóla	17
Annað samstarf	17
Skóli án aðgreiningar	17
Sérfræðiþjónusta og sérkennsla	17
Innra mat	19
Skipulag og viðfangsefni	19
Gagnaöflun og vinnubrögð	19
Opinber birting og umbætur	19
Matspættir	20
Samantekt.	21
Lokaorð	23
Heimildir.	24

Samantekt niðurstaðna

Þessi samantekt styrkleika og tækifæra til umbóta er einungis hluti af því sem fram kemur í lok hvers kafla í skýrslunni. Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og leikskólanefnd einnig að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem settar eru fram í skýrslunni en eru ekki nefndar hér.

Leikskólinn og umhverfi hans

Leikskólinn Fífusalir er sex deilda leikskóli í Salahverfi í Kópavogi. Fífusalir er heilsuleikskóli og endurspeglast sú stefna vel í starfinu þar sem lögð er áhersla á hollt mataræði, hreyfingu og útiveru. Um 20% af starfsmannahópnum er leikskólakennarar og uppfyllir skólinn því ekki ákvæði laga nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Húsnæði leikskólans uppfyllir að mestu þær kröfur sem gerðar eru varðandi rými leikskóláhúsnæðis í lögum um leikskóla nr. 90/2008 og í reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009 en oft er þó mikið loftleysi í miðrymi hússins og erfitt að lofta út. Einnig er kominn tími á hefðbundið viðhald. Það sama má segja um lóðina, þar þarf að yfirfara ýmislegt, fallvörn undir rólum vantar og einnig rólur fyrir yngstu börnin. Vinna mætti betur með gildi skólans, *virðingu, uppgötvun og samvinnu* og gera þau enn sýnilegri í leikskólanum.

Stjórnun – Skólabragur og samskipti

Samvinna stjórnenda er góð og þeir leggja rækt við samskipti við börn, starfsmenn og foreldra. Stjórnendur leiða faglegt starf í samvinnu við stjórnendateymi, á hverjum morgni eru stuttir stjórnendafundir þar sem farið er yfir skipulag dagsins og það helsta sem er á döfinni og upplýsingaflæði innan húss er almennt gott. Stjórnendateymið fundar reglulega en festa þarf deildarfundi. Skólabragur er almennt góður, markvisst hefur verið unnið að því að bæta starfsanda og halda þarf áfram á þeirri braut. Gott aðgengi er að sérfræðipjónustu á vegum Kópavogsbæjar en leggja þarf vinnu í að bæta samstarf leikskólastjóra og leikskóladeildar menntasviðs bæjarins. Mikilvægt er að fylgja eftir erfiðum málum sem upp hafa komið í góðri samvinnu við menntasvið, upplýsa starfsfólk um verkferla og einnig um lausn mála eftir því sem við á. Leikskólastjóri skapar svigrúm og hvetur fólk til símenntunar en gera þarf símenntunaráætlun fyrir leikskólann.

Uppeldis- og menntastarf – Velferð og líðan barna – Mat á námi og velferð barna

Samskipti starfsmanna við börnin einkennast af virðingu og umhyggju fyrir einstaklingnum sem birtist í jafnrétti og hlutdeild allra í barnahópnum. Sýnilegt er að börnunum í leikskólanum líður vel og samskiptin í hópnum eru góð. Í öllu starfi leikskólans kemur heilsustefnan skýrt í ljós og í haust voru meðal annars matseðlarnir endurskoðaðir og teknir upp matseðlar frá Skólum ehf. Mikil áhersla er á hreyfingu, útivist og vettvangsferðir, einnig er lögð áhersla á að vinna í litlum hópum og skipta börnunum á milli svæða og nýta húsnæðið sem best. Unnið er með alla grunnþætti menntunar og námssvið aðalnámskrár og meðal annars eru starfsmenn sem sinna eingöngu listsköpun og hreyfingu. Bæta þarf aðgengi barnanna að leikfni og öðrum efnivið og leggja þarf meiri áherslu á að gera ritmál sýnilegt. Efla þarf lýðræðislega þátttöku barnanna og áhrif þeirra á skipulag leikskólans. Góð samvinna er meðal starfsfólks og hefur það verið duglegt að efla nýbreytni og taka þátt í þróunarverkefnum samanber samstarf við grunnskólann, Nordplus verkefni og innleiðingu heilsustefnunar. Fylgst er með námi og þroska barnanna í gegnum Heilsubók barnsins auk annara viðurkenndra aðferða.

Foreldrasamvinna og ytri tengsl

Foreldrar eru almennt ánægðir með starfsemi leikskólans, samstarf við stjórnendur hans og starfsmenn. Foreldraráð er starfandi við leikskólann sem starfar samkvæmt lögum um leikskóla og eru fulltrúar kosnir á foreldrafundi að hausti. Gerðar hafa verið starfsreglur fyrir foreldraráðið, fundargerðir eru skráðar og þær ætti að birta á heimasíðu leikskólans. Foreldrafélag er starfandi við leikskólann. Samstarf leikskólans við grunnskólann er gott og hefur þar verið bryddað upp á ýmsum nýjungum.

Skóli án aðgreiningar

Sérkennslustjóri er starfandi við leikskólann og eru viðurkenndar aðferðir notaðar til að fylgjast með framförum barna. Gerðar eru einstaklingsáætlanir fyrir stuðnings- og sérkennslubörn og teymi skipuð í kringum þau. Mjög vel er unnið með börn sem ekki eru með skilgreinda sérkennslutíma en hafa slakan málþroska og smávægileg þroskafrávik. Efla þarf samvinnu þeirra sem koma að sérkennslu svo og ráðgjöf og leiðbeiningar til starfsmanna. Skrá þarf skipulag sérkennslu og verkferla.

Innra mat

Reglulega fer fram mat á starfsháttum, framfarir barna eru metnar svo og markmið heilsustefnunnar. Niðurstöður úr ytra mati sveitarfélags eru nýttar í innra mati og brugðist er við niðurstöðum sem gefa til kynna að umbóta sé þörf. Markvisst þarf að meta hvernig gengur að vinna að helstu markmiðum skólanámskrár og matið þarf að vinna út frá langtímaáætlun til nokkurra ára þar sem helstu þættir eru metnir svo og nákvæmri matsáætlun fyrir hvert skólaár. Æskilegt er að stofna matsteymi með fulltrúum allra hagsmunahópa og leita til starfsmanna, barna og foreldra þegar gagna er aflað. Gagna þarf að afla á fjölbreyttan hátt og greina niðurstöður í styrkleika og tækifæri til umbóta og vinna áfram með umbætur út frá nákvæmri umbótaáætlun.

Inngangur

Í þessari matskýrslu er fjallað um ytra mat á leikskólanum Fífusölum í Kópavogi. Matið er gert á grundvelli 17. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Matið var framkvæmt af Ingu Dóru Jónsdóttur og Sigríði Sigurðardóttur og fór fram á vettvangi dagana 10–13. október 2016. Áður hafði farið fram gagnaöflun og undirbúningur. Teknir voru fyrir eftirfarandi matsþættir; leikskólinn og umhverfi hans, stjórnun, uppeldis- og menntastarf, skólabragur og samskipti, foreldrasamstarf og ytri tengsl, sérfræðipjónusta og sérkennsla og innra mat.

Markmið og tilgangur

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í leikskólum er samkvæmt 17. grein laga um leikskóla nr. 90/2008:

1. að veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsmanna leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
2. að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.
3. að auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
4. að tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum¹.

Með ytra mati er unnið að öllum þessum markmiðum og sérstök áhersla lögð á að efla og styðja innra mat og gæðastjórnun leikskóla, styðja við leikskólastjórnendur og leikskólakennara í umbótum á eigin starfi, hvetja leikskólakennara til að vinna saman að því að bæta eigin starfshætti og vera leikskólum hvati til frekari skólaþróunar. Grundvöllur ytra mats eru leiðbeiningar mennta- og menningarmálaráðuneytis um ytra mat leikskóla. Við matið eru notuð viðmið um gæðastarf á leikskólum, sem unnin hafa verið upp úr viðmiðum og vísbendingum fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs Reykjavíkurborgar. Viðmiðin eru byggð á lögum og reglugerðum um leikskólastarf og aðalnámskrá leikskóla og eru áherslur Kennarasambands Íslands hafðar til hliðsjónar.

Gagnaöflun

Matsaðilar byrjuðu á að afla sér upplýsinga um leikskólann áður en farið var í vettvangsathuganir og viðtöl. Kallað var eftir ýmsum gögnum sem varpað gátu ljósi á leikskólastarfið, ýmist á prentuðu máli eða á rafrænu formi². Kynning á forsendum og matsframkvæmd var send leikskólastjóra 12. september á rafrænu formi. Leikskólastjóra var falið að sjá til þess að starfsmenn og foreldrar hefðu tækifæri til að nálgast þessi gögn og koma spurningum eða athugasemdum á framfæri við úttektaaðila. Matmenn dvöldu fjóra daga á vettvangi og gerðu vettvangsathuganir á öllum deildum leikskólans. Tekin voru rýnivíðtöl við deildarstjóra, leikskólakennara, starfsmenn, foreldra og börn. Einstaklingsviðtöl voru tekin við leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra og sérkennslustjóra. Þátttakendur í rýnihópum voru valdir með slembiúrtaki. Haft var samband við yfirmann leikskóladeildar á menntasviði Kópavogsbæjar.

Fylgst var með uppeldi, kennslu- og starfsháttum, leik og námi, velferð og líðan barna, faglegu starfi og skipulagi náms og námsaðstæðna í leikskólanum. Matmenn fylltu út gátlista fyrir vettvangsathugun á deild og gáfu einkunn fyrir vísbendingar um gæðastarf sem myndar grunn að heildarmati og gefur mynd af leikskólastarfi á þeim meginþáttum sem viðmiðin ná til³. Matmenn fóru einstaklingslega yfir þau gögn sem aflað var fyrirfram að lokinni leikskólaheimsókn, unnu saman að úrvinnslu gagna og komust að sameiginlegum niðurstöðum varðandi þá þætti sem metnir voru. Skýrslan var send leikskólastjóra til yfirlstrar.

Hafa ber í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa fjölbreyttar vísbendingar um það starf sem fram fer í skólanum.

¹Lög um leikskóla nr. 90/2008.

²Skólanámskrá og starfsáætlun og greinargerðir um innra mat, umbótaáætlun og matsáætlun, dagskipulag, símenntunaráætlun, niðurstöður ytra mats sveitarfélaga og/eða mennta- menningarmálaráðuneytis. Önnur gögn sem skólinn lagði fram.

³Sjá nánar í lok skýrslunnar..

Leikskólinn

Leikskólinn Fífusalir í Salahverfi í Kópavogi hóf starfsemi árið 2001 og er sex deilda leikskóli. Þar dvelja 108 börn á aldrinum eins árs til fimm ára, 57 stúlkur og 51 drengur. Fjögur börn eru með sérstakan stuðning og fimm börn eru tvítyngd, þar sem annað foreldri er íslenskt en hitt af erlendu bergi brotið. Leikskólinn er opinn frá klukkan 7:30 til 17:00 á daginn.

Leikskólinn og umhverfi hans

Starfsmenn

Við leikskólann starfa 39 starfsmenn, 36 konur og þrjú karlar. Að auki voru þegar matið fór fram þrjú starfsmenn í fæðingarorlofi og einn í leyfi. Leikskólakennarar eru 8, eða um 20% af starfsmannahópnum, en einn leikskólakennari er í fæðingarorlofi. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri eru báðir leikskólakennarar og samtals er stjórnunarhlutfall þeirra 150% skv. kjarasamningum. Aðstoðarleikskólastjóri er í 85% stöðu og er því í 35% starfi á deildum. Sérkennslustjóri, sem er leikskólakennari með framhaldsmenntun í sérkennslufræðum, starfar í 75% starfi við stjórnun sérkennslu. Aðrir stjórnendur eru deildarstjóranir sex og af þeim eru þrjú leikskólakennarar og einn grunnskólakennari. Hinir deildarstjórnarnir eru leirlistamaður, sem er deildarstjóri í afleysingum, og lýðheilsufræðingur. Að auki starfa tveir leikskólakennarar við skólann, annar þeirra er einnig sérkennari og starfar við sérkennslu en hinn er í 50% starfi og vinnur m.a. með elstu börnin í hópastarfi. Þegar matið fór fram starfaði einn þroskþjálfari við leikskólann, íþróttakennari í 50% stöðu, félagsfræðingur og viðskiptafræðingur og einn starfsmaður sem lokið hefur leikskólaliðanámi. Aðrir starfsmenn voru ófaglærðir. Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði laga nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

Leikskólastjóri segir í viðtali að auglýst sé eftir kennurum á hverju vori og þó að skortur sé á leikskólakennurum sé nokkuð góður stöðugleiki í starfsmannahópnum, sérstaklega í stjórnendahópnum. Óskað er eftir sakavottorði við ráðningu nýs starfsfólks og allir skrifa undir skjal um trúnað og þagnarskyldu.

Húsnæði

Húsnæði leikskólans er á einni hæð og grunnflöturinn er 776 m² og þar af er leikrými 445 m² fyrir 113 börn samtímis í 6 til 9 tíma dvöl⁴. Húsnæðið skiptist í tvo ganga þar sem eldri deildarnar, Hóll, Hlíð og Hæð eru saman á einum gangi og yngri deildarnar, Lind, Lækur og Laut á hinum ganginum. Á milli er miðrými með matsal, þar sem hluti barna borðar, íþróttasal og smiðju. Í starfsáætlun kemur fram að Fífusalir er opinn leikskóli þar sem áhersla er lögð á samnýtingu á göngum, matsal, smiðju og íþróttasal. Deildirnar þrjár, á hvorum gangi, deila bæði fataherbergi og salernum.

Kaffistofa starfsmanna er inn af yngri gangi og þar fyrir innan er lítið vinnuherbergi og eitt salerni. Annað salerni, út frá fataklefa, er hugsað fyrir starfsfólk en þar eru einnig geymd útiföt starfsmanna. Eitt herbergi er fyrir sérkennslu og fundi og stjórnendur deila skrifstofu. Framleiðslueldhús er í leikskólanum og er maturinn eldaður á staðnum. Í rýnihópum og viðtölum kom fram óánægja með salernisaðstöðu starfsfólks svo og skort á aðstöðu fyrir sérkennslu og fundi⁵.

Húsnæði uppfyllir að mestu þær kröfur sem gerðar eru varðandi rými leikskóláhúsnæðis í lögum um leikskóla nr. 90/2008 og í reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009 fyrir utan að fram kom í viðtölum og rýnihópum að oft er mikið loftleysi í miðrými hússins og erfitt er að lofta út vegna hönnunar þess⁶. Einnig kom fram að bæta þyrfti viðhald á húsnæðinu og að t.d. væri löngu kominn tími til að mála húsið að innan þar sem málningin væri víða að flagna af⁷. Unnið hefur verið að því að bæta hljóðvist í miðrými.

⁴Starfsáætlun Fífusala.

⁵Viðtal við leikskólastjóra og sérkennslustjóra, rýnihópur foreldra, rýnihópur deildarstjóra.

⁶Viðtöl við leikskólastjóra, sérkennslustjóra, rýnihópar deildarstjóra og starfsmanna.

⁷Viðtal við leikskólastjóra og rýnihópur deildarstjóra.

Útileiksvæði

Í starfsáætlun Fífusala 2016–2017 kemur fram að lóð leikskólans er 3325 m² og að tími er kominn til að laga og yfirfara ýmislegt á útisvæðinu. Lóðin skiptist í tvennt, Austurgarð sem er lítill garður með leiktækjum fyrir yngstu börnin og Vesturgarð sem er stærra svæði með meira krefjandi leiktækjum⁸. Fram kom í öllum viðtölum og rýnihópum að brýnt sé að laga lóðina og var þar helst nefnt að fallvörn undir rólum sé ekki til staðar og að rólur vanti fyrir yngri börnin. Einnig kom fram að lóðin verði „öll í pollum eftir rigningar“.

Hugmyndafræði og áherslur

Eins og nafnið Heilsuleikskólinn Fífusalir ber með sér er mikil áhersla lögð á heilsusamlegt líferni í leikskólanum. Skólinn hefur flaggað heilsufáanum síðan í maí 2013 og tilheyrir því samtökum heilsuleikskóla. Í skólanámskrá og starfsáætlun kemur einnig fram að unnið er samkvæmt kenningum John Dewey og Berit Bae og eru gildi skólans *virðing, uppgötvun og samvinna* sprottin upp úr þeim kenningum.

Í vettvangsathugunum sást að heilsustefnan er mjög sýnileg í starfinu og það kom einnig fram í öllum viðtölum og rýnihópum. Áhersla er lögð á hollt mataræði, hreyfingu og útiveru og margir nefndu heilsustefnuna sem helsta styrkleika skólans. Fram kom í viðtölum og rýnihópum að gera mætti aðrar áherslur í starfi betur sýnilegar⁹. Á vettvangi sást virðing í samskiptum svo og góð samvinna hjá starfsfólki, t.d. virtist ganga mjög vel að nota sameiginlega salernisaðstöðu deilda á göngum og starfsfólk var duglegt að hjálpa hvert öðru og börnunum ef á þurfti að halda. Þátttakendur í rýnihópum og viðtölum áttu erfitt með að nefna gildi skólans.

Styrkleikar

- Stefna skólans er skýrt sett fram í skólanámskrá.
- Heilsustefna leikskólans er mjög sýnileg í starfinu þar sem lögð er áhersla á hollt mataræði, hreyfingu og útiveru.
- Allir þátttakendur þekktu heilsustefnuna og margir nefndu hana sem helsta styrkleika skólans.
- Gildi skólans, virðing og samvinna voru sýnileg í vettvangsathugunum.

Tækifæri til umbóta

- Huga þarf að loftgæðum og viðhaldi innanhúss.
- Huga að því hvort unnt sé að bæta aðstöðu til funda og sérkennslu svo og salernisaðstöðu starfsfólks.
- Kominn er tími til að yfirfara og laga ýmsa hluti á lóð leikskólans, svo sem fallvörn við rólur. Rólur vantar fyrir yngstu börnin.
- Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði laga nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla og því þarf áfram að leita allra leiða til að ráða leikskólakennara til starfa.
- Vinna má betur með öll gildi skólans og gera þau enn sýnilegri í leikskólanum..

⁸ Skólanámskrá Fífusala.

⁹ Rýnihópur starfsmanna.

¹⁰ Viðtal við aðstoðarleikskólastjóra, rýnihópar leikskólakennara og deildarstjóra.

Stjórnun

Stjórnskipulag og skipurit

Heilsuleikskólinn Fífusalur er rekinn af Kópavogsbæ og er einn af 19 leikskólum bæjarins¹¹. Leikskólarnir heyra undir leikskóladeild á menntasviði. Næsti yfirmaður leikskólastjóra er deildarstjóri leikskóladeildar, en deildin er ein af fimm deildum á sviðinu. Leikskólanefnd Kópavogs er kosin til fjögurra ára í senn af bærarstjórn og starfar sviðsstjóri menntasviðs með nefndinni. Hlutverk leikskólanefndar er m.a. að hafa eftirlit með því að starfsemi leikskóla samræmist lögum og reglugerðum um leikskóla og aðalnámskrá leikskóla¹². Deildarstjóri leikskóladeildar hefur yfirumsjón með faglegu starfi og rekstri leikskóla bæjarins og er tengiliður á milli leikskólanna og bæjaryfirvalda¹³. Á leikskóladeild starfa m.a. tveir leikskólaráðgjafar, sérkennslufulltrúi, sérkennsluráðgjafi auk daggæslufulltrúa sem hefur umsjón með málefnum dagforeldra. Bærinn metur starf leikskóla m.a. með því að leggja kannanir fyrir foreldra annað hvert ár og einnig hafa kannanir verið lagðar fyrir starfsfólk um stjórnun leikskóla en slík könnun hefur þó ekki verið gerð síðan 2014¹⁴. Einnig er annaðhvort ár lögð fyrir miðlæg starfsánægju könnun fyrir starfsfólk leikskóla.

Að sögn leikskólastjóra hefur leikskólinn góðan aðgang að sérfræðiþjónustu á vegum bæjarins, svo sem sálfræðiþjónustu og þjónustu talmeinafræðings. Einnig er samvinna við félagsþjónustu ef svo ber undir. Leikskólastjóri segir í viðtali að samstarfið við leikskóladeild bæjarins hafi verið „upp og ofan“ að undanfögnu og það staðfesti deildarstjóri leikskóladeildar í samtali. Fram kom að leikskólastjóra finnst vanta meiri stuðning og faglega ráðgjöf frá menntasviði.

Stefna Kópavogs og framtíðarsýn í leikskólamálum sem birtist á heimasíðu bæjarins er síðan 2007. Þar er sérstök áhersla lögð á menntun, mannauð, öryggi, samvinnu og gæði. Leikskóladeild hefur auk þess gefið út jafnréttisstefnu, eineltisstefnu, fjölmeningarstefnu, umhverfisstefnu og stefnu í upplýsingatækni í leikskólum. Bærinn hefur sett fram forvarnaráætlun leikskóla og nýverið var sett fram stefna um mál og lestur í leik- og grunnskólum. Einnig er nýbúið að gefa út sameiginlega stefnu í sérfræðiþjónustu í leik- og grunnskólum: *Skóli fyrir alla*. Árið 2011 var gefin út sameiginleg námskrá fyrir leikskóla bæjarins. Þar kemur fram að hún var unnin í sameiningu af leikskólastjórum og starfsmönnum leikskóladeildar og er ætlað að vera grunnur að námskrá hvers leikskóla. Tilgangurinn með sameiginlegu námskránni er að einfalda skólunum gerð sinnar námskrár¹⁵. Einnig hafa verið gerðar námskrár fyrir hvert aldurstig en árið 2015 voru þær endurskoðaðar í samræmi við nýja aðalnámskrá.

Skipurit fyrir leikskólann liggur ekki fyrir.

Námskrá og áætlanir

Leikskólastjóri hefur forystu um gerð skólanámskrár¹⁶. Námskráin var endurskoðuð og gefin út í maí 2015, öðru sinni eftir að aðalnámskrá leikskóla kom út árið 2011. Að endurskoðuninni komu stjórnendur og starfsmenn og var unnið í hópum á starfsdegi með ýmsa þætti námskrár¹⁷. Skólanámskrá Fífusala byggir á grunni sameiginlegrar skólanámskrár leikskóla í Kópavogi og uppfyllir að flestu leyti þær kröfur sem settar eru fram í aðalnámskrá frá árinu 2011 og lögum um leikskóla nr. 90/2008. Betur mætti gera grein fyrir markmiðum, fyrirkomulagi og uppbyggingu samstarfs og tengsla á milli skólastiga og einnig þarf að tilgreina hvaða upplýsingar fylgja barni þegar það flyst milli leikskóla eða fer í grunnskóla. Hvað varðar lýsingu á vinnulagi og aðferðum við að meta þroska barna, nám, vellíðan og færni er einungis fjallað um Heilsubókina en hvergi minnst á skimanir sem lagðar eru fyrir börnin. Börn koma ekki að gerð skólanámskrár en ljósmyndir af þeim við leik og nám skreyta hana. Skólanámskrá birtist á heimasíðu undir liðnum *Um skólann* og þar undir liðnum *Námið* og gæti því verið aðgengilegri.

¹¹ Heimsíða Kópavogsbæjar.

¹² Skólanámskrá Fífusala.

¹³ Heimsíða Kópavogsbæjar.

¹⁴ Skólanámskrá Fífusala og viðtal við leikskólastjóra.

¹⁵ Námskrá leikskóla Kópavogs.

¹⁶ Viðtöl við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólustjóra.

¹⁷ Viðtal við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólustjóra. Rýnihópar deildarstjóra og leikskólakennara.

Starfsáætlun er gefin út árlega og finna má starfsáætlun fyrir skólaárið 2016–2017 á heimasíðu. Í henni er m.a. fjallað stuttlega um stefnu skólans og gildi, starfsemi ársins og samstarf ásamt mati á starfinu og umbætur. Leikskólastjóri leiðir gerð starfsáætlunar en starfsfólk les hana yfir og ef fram koma athugasemdir eru þær ræddar¹⁸. Starfsáætlun uppfyllir að mestu kröfur aðalnámskrár leikskóla. Foreldraráð fær skólanámskrá og starfsáætlun til umsagnar en börnin koma ekki að vinnu við skólanámskrá eða starfsáætlun¹⁹.

Starfsmannahandbók er í vinnslu að sögn stjórnenda og er þar verið að samræma og taka saman ýmis gögn sem hafa verið til og bæta nýjum við. Foreldrahandbók á heimasíðu virðist úrelt en að sögn leikskólastjóra fá foreldrar afhentar allar upplýsingar á fundi með stjórnendum á meðan á aðlögun barns stendur. Leikskólastjóri segir í viðtali að unnið sé eftir eineltisáætlun frá Kópavogsbæ. Stuttlega er fjallað er um öryggismál í starfsáætlun og áfallaáætlun er á heimasíðu. Á hverri deild, og í miðrými, hangir öryggishringur með öllum nauðsynlegum upplýsingum um börnin og starfsfólk var nýverið á skyndihjálparnámskeiði. Rýmingaráætlun er haldnar reglulega og rýmingaráætlun liggur fyrir.

Stjórnun og starfsmenn

Stjórnendur telja í viðtölum verkaskiptingu á milli þeirra skýra þó að hún sé ekki skráð og fram kom að samstarf þeirra er gott. Í stjórnendateymi Fífusala eru leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, sérkennslustjóri, deildarstjórnarnir sex auk tveggja leikskólakennara sem ekki tilheyra sérstökum deildum en eru fulltrúar miðju eins og leikskólastjóri orðar það. Stjórnendur funda í byrjun hvers dags, þar sem m.a. er rætt um skipulag dagsins og farið yfir forföll og mönnun deilda á þar til gerðri töflu á skrifstofu stjórnenda.

Hjá stjórnendum og deildarstjórum kom fram að reynt er að halda stjórnendafundi einu sinni í viku en það tekst þó ekki alltaf. Fundirnir eru til skiptis á deildum. Deildarfundir eru að sögn starfsmanna og deildarstjóra í rýnihópum ekki haldnar reglulega og leikskólastjóri segir í viðtali að í vetur hafi ábyrgðin á deildarfundum verið færð til deildarstjórnanna. Starfsmannafundir eru haldnar á skipulagsdögum, að sögn leikskólastjóra, og að auki eru tveir á hverri önn. Skipulagsdagar eru samræmdir innan hverfa í sveitarfélaginu og eru þeir fimm og hálfur þetta skólaárið. Að sögn aðstoðarleikskólastjóra er dagskrá skipulagsdaga auglýst með góðum fyrirvara. Í öllum viðtölum og rýnihópum kom fram að fundargerðir eru ritaðar á fundum og þær eru öllum aðgengilegar. Einnig kom fram að upplýsingaflæði er gott og starfsmennt telja sig hafa þær upplýsingar sem þarf til að sinna starfi sínu. Móttaka nýrra starfsmanna fylgir skráðu ferli að sögn leikskólastjóra.

Sjö starfsmenn, ýmist einir eða nokkrir saman, komu að máli við matsmenn og lýstu yfir áhyggjum af tveimur ólíkum málum í starfsmannahópnum sem ekki hefur tekist að leysa að þeirra mati. Bærinn hefur komið að öðru málinu og leikskólastjóri segir í viðtali að farið hafi verið eftir viðeigandi ferlum í því máli og telur það leyst. Deildarstjóri leikskóladeildar menntasviðs Kópavogsbæjar sagði í símtali að skólanum hefði verið gert að vinna málið eftir ákveðnu verklagi og hann vissi ekki betur en það hefði verið gert. Af gögnum að dæma þarf að vinna áfram að lausn beggja þessara mála.

Fagleg forysta

Leikskólastjóri segist í viðtali telja sig lýðræðislegan stjórnanda sem reyni að virkja fólkið sitt, nýta mannauðinn og hugsa í lausnum. Stjórnendur leiða faglegt starf í leikskólanum í samvinnu við stjórnendateymið og fram kom í viðtölum og rýnihópum að mikið sé lagt upp úr því að stjórnendateymið komi að stefnumótun og ákvarðanatöku²⁰. Að sögn leikskólastjóra hvetja stjórnendur til aukinna gæða í starfi, til dæmis með því að koma nýjungum og fræðslu á framfæri þegar leyst er af á deildum.

¹⁸ Viðtal við leikskólastjóra og rýnihópar deildarstjóra og starfsmanna.

¹⁹ Rýnihópur foreldra og skólanámskrá Fífusala.

²⁰ Viðtöl við leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra og rýnihóp deildarstjóra.

Starfsmannaviðtöl eru einu sinni á ári og að sögn aðstoðarleikskólastjóra var fyrirkomulag þeirra síðast þannig að fólk átti að skrá sig sjálft í viðtalið og gat valið um að tala við leikskólastjóra eða aðstoðarleikskólastjóra. Að sögn starfsmanna í rýnihópi fóru langflestir í slíkt viðtal. Niðurstöður viðtalanna eru skráðar og teknar saman og nýttar t.d. í innra mati að sögn leikskólastjóra. Leikskólastjóri segist í viðtali hvetja fólk til símenntunar sem fari mest fram í gegnum þau námskeið sem Kópavogsbær býður upp á í samstarfi við önnur sveitarfélög í Kraganum. Skólinn hefur ekki unnið símenntunaráætlun. Fram kom í rýnihópum að starfsfólk fær hrós fyrir vel unnin störf og að stjórnendur hvetji fólk og styðji við að efla sig í starfi. Í rýnihópum leikskólakennara og deildarstjóra kom fram að auka mætti faglegar samræður um starfið, t.d. með fagfundum.

Stjórnendur fara ekki markvisst inn á deildir til að fylgjast með starfinu en segja að leiðbeint sé eftir þörfum og að allt stjórnendateymið gegni því hlutverki. Í öllum viðtölum og rýnihópum kom fram að stjórnendur eru aðgengilegir og sýnilegir í starfi og gott er að leita til þeirra. Börn í rýnihópum þekktu leikskólastjóra og einn þátttakandi sagði „hún fylgdist með okkur úti og skoðar hvort einhver er að meiða mann.“

Starfsandi og starfsánægja

Starfsfólk telur í viðtölum og rýnihópum starfsanda almennt góðan og fram koma að starfsmannahópurinn skiptist töluvert eftir aldri. Stjórnendur segja í viðtölum að markvisst hafi verið unnið að því að bæta skólabrag og starfsanda, til dæmis hafi verið unnið markvisst með bókina *Fiskinn* auk þess sem stjórnendateymið hafi fengið handleiðslu frá sérfræðingi. Að sögn leikskólastjóra gerir starfsmannahópurinn ýmislegt saman, til dæmis er boðið upp á jólahlaðborð, óvissuferðir og reynt að hafa skipulagsdaga í „léttari kantinum“ með hópefli. Almennt töldu viðmælendur í viðtölum og rýnihópum skólabrag góðan. Í viðtölum og rýnihópum kom fram að fólk er stolt af starfinu sínu og telur hæfni sína og þekkingu nýtast vel í starfi.

Styrkleikar

- Stjórnendur leggja rækt við samskipti við börn, starfsmenn og foreldra, eru sýnilegir í starfi og gott er að leita til þeirra.
- Samvinna stjórnenda er góð.
- Starfsáætlun birtist á heimasíðu og stenst kröfur aðalnámskrár.
- Stjórnendur leiða faglegt starf í samvinnu við stórnendateymi.
- Stjórnendateymi fundar daglega þar sem farið eru yfir skipulag dagsins framundan.
- Upplýsingaflæði innan leikskólans er almennt gott.
- Leikskólastjóri skapar svigrúm og hvetur til símenntunar.
- Starfsandi og skólabragur er almennt góður að mati þátttakenda í viðtölum og rýnihópum.
- Gott aðgengi er að sérfræðipjónustu á vegum Kópavogsbæjar.

Tækifæri til umbóta

- Skrá þarf verkaskiptingu stjórnenda og gera skipurit fyrir leikskólann.
- Deildarfundir þarf að halda reglulega og efla mætti faglega umræðu, t.d. með fagfundum.
- Gera má skólanámskrá sýnilegri á heimasíðu og í henni má gera betur grein fyrir markmiðum, fyrirkomulagi og uppbyggingu samstarfs og tengsla á milli skólastiga og lýsa vinnulagi og aðferðum við að meta þroska barna, nám, vellíðan og færni betur.
- Vinna þarf símenntunaráætlun fyrir leikskólann.

- Mikilvægt er að fylgja erfiðum málum er upp koma í starfsmannahópnum markvisst eftir í samvinnu við menntasvið Kópavogsbæjar.
- Upplýsa þarf starfsmenn almennt um það verklag sem unnið er eftir varðandi öll erfið mál sem upp kunna að koma og gæta að gegnsæi.
- Upplýsa þarf starfsmenn, eftir því sem við á, um lausnir erfiðra mála.
- Áfram þarf að vinna að því að efla starfsanda.
- Vinna þarf að bættum samskiptum á milli leikskólastjóra og starfsmanna leikskóladeildar menntasviðs.
- Endurskoða þarf foreldrahandbók á heimasíðu og klára endurskoðun starfsmannahandbókar.
- Stjórnendur ættu markvisst að fylgjast með námi og starfi á leikskólanum í þeim tilgangi að gefa starfsfólki endurgjöf.

Uppeldis- og menntastarf

Námsaðstæður

Húsnæðið krefst góðrar samvinnu starfsfólks og milli deilda þar sem mikið er um sameiginleg rými. Fram kom í viðtölum að stöðugt er verið að skoða dagskipulagið með það í huga að nýta húsnæðið sem best og að barnahópnum sé skipt í minni hópa á svæði til að minnka hávaða og áreiti²¹. Starfsmenn nota nágrenni leikskólans mikið til vettvangsferða en þær eru á dagskipulagi allra deilda.

Stefna leikskólans er að hafa opinn efnivið fyrir börnin, t.d. alls konar kubba²². Einingarkubbar eru á öllum deildum og ýmislegt sem tilheyrir hlutverkaleik. Holukubbar eru í sameiginlegu rými á báðum göngum. Mjög misjafnt er eftir deildum hvað er í boði og aðgengi barnanna að leikefni mætti vera betra. Á hverri deild eru lokaðir skápar notaðir fyrir geymslu á leikföngum og öðrum efnivið sem einnig er geymdur í hillum sem eru hátt uppi. Á sumum deildum var lítið af leikföngum sýnilegt. Vísir að leikfangabanka er í sameiginlegu rými en börnin hafa ekki frjálst aðgengi að honum. Á yngri gangi eru bækur aðgengilegar börnunum en á eldri deildunum eru bækur lítt sýnilegar inni á deildum. Efniviður í smiðju er annaðhvort inni í skáp eða í lokuðum ómerktum plastkössum sem börnin hafa ekki aðgengi að.

Hver deildarstjóri gerir dagskipulag fyrir sína deild þar sem öll börn fara einu sinni í viku í hópastarf, smiðju, leikvang, tónlistarstund, vettvangsferðir auk daglegrar útivistar. Auk þessa er boðið upp á sundferðir hjá tveimur elstu hópunum einu sinni í viku og fer hvert barn að meðaltali einu sinni í mánuði í sund. Elstu börnunum er boðið upp á að fara á fimleikaæfingar í Gerplu einu sinni í viku en foreldrar borga sérstaklega fyrir það og starfsfólk sér um að fara með börnin á æfingar. Starfsfólk talar um að dagskipulag sé mjög stíft og lítil tími gefinn fyrir frjálsan leik hjá börnunum og á þetta sérstaklega við um elstu börnin. Erfitt er að sjá hvernig hægt er að breyta þessu þar sem starfsmenn vilja ekki missa neitt af því sem nú er í boði²³.

²¹ Rýnihópur deildarstjóra.

²² Viðtal við leikskólastjóra.

²³ Rýnihópur deildarstjóra og leikskólakennara.

Starfshættir

Í skólanámskrá kemur fram að lögð er áhersla á gildi og starfshætti sem renna stoðum undir lýðræðislegt samfélag²⁴. Í rýnihópi starfsmanna kom fram að starfsmenn eru þátttakendur í að skipuleggja starfið á deildinni og það er hlustað á þá þó ekki sé alltaf farið eftir þeirra skoðunum²⁵. Hver hópstjóri útfærir hópavinnuna fyrir sinn hóp og er það mjög mismunandi eftir deildum hvað gert er og ekki eru allar deildir með skilgreint hópastarf²⁶. Starfsmenn í smiðju og leikvangi skipuleggja starfið á sínu svæði og fram kom að samræma þyrfti áherslur í smiðju betur við starfið á deildum og að passa upp á að börnin fái verkefni við hæfi²⁷. Í tónlist er verið að vinna að Nordplus verkefni²⁸. Í rýnihópum starfsmanna kom fram að mikið samstarf og samvinna er á milli starfsmanna og einnig á milli deilda á yngri gangi en minna samstarf væri á milli ganganna tveggja²⁹. Sjálfsgagt þykir að dreifa álagi og að starfsfólk fari á milli deilda þegar þurfa þykir³⁰.

Lýðræði, jafnrétti og þátttaka barnanna

Í leikskólastarfinu er ekki unnið markvisst með lýðræðilega þátttöku barnanna. Lýðræðisleg þátttaka barnanna er helst í frjálsa leiknum en þá mega börnin velja viðfangsefni. Leikefni er þó ekki aðgengilegt og þau þurfa að biðja um það. Fram kom í viðtölum að skipulag er allt mjög stýrt og ekki er samræða við börnin um það. Í hópastarfi elstu barnanna kom fram að lítilega er unnið með opnar spurningar og þeirra áhuga³¹. Í viðtali við börnin kom fram að þau telja sig mega ráða hvað þau leika sér með³². Starfsmenn ræða mikið við börnin og eru þátttakendur með þeim í daglegu starfi, hlusta á sjónarmið þeirra og lögð er áhersla á jafna hlutdeild allra í barnahópnum. Börnin koma ekki að innra mati á leikskólastarfinu og þau hafa ekki komið að því að móta leikskólareglurnar. Fram kom í viðtölum að starfsmenn þyrftu að æfa sig meira í að virkja börnin og hlusta á þeirra raddir³³.

Námssvið

Í skólanámskrá leikskólans er fjallað um hvernig unnið er að grunnþáttum menntunar og námssviðum aðalnámskrár og hvernig grunnþættirnir eiga að fléttast inn í allt leikskólastarfið.

Í viðtali við leikskólastjóra kom fram að unnið er að þróunarverkefni um læsi, verkefni sem unnið er í öllum leikskólum Kópavogs og kallast Læsi er meira en stafa staut. Til að byrja með taka deildarstjórnarnir saman hvað verið er að vinna með í sambandi við læsi og munu svo búa til ný markmið og leiðir fyrir leikskólann. Unnið er markvist með málörvun barna í samverustundum, hópastarfi og einstaklingslega eftir því sem þörf er á. Á öllum deildum eru stafrófið og tölustafir uppi á vegg en misjafnt eftir deildum hversu sýnilegt það er. Auka mætti skrifaðan texta eins og að merkja leikföng og annan efnivið með orðum og myndum og gera þannig ritmál sýnilegra í umhverfinu. Í samverustund er sungið saman, lesið og og spjallað en misjafnt er eftir deildum hvort börnin eru hvött til frásagnar. Á öllum matarborðum er sama þulan plöstuð á borðin og er hún kennd í matartíma og við daglegt starf. Leikskólinn er þátttakandi í Nordplus verkefni þar sem áherslan er á tónlist. Öll börn fara í sérstakar tónlistarstundir einu sinni í viku. Á eldri deildunum og einni yngri deild er ákveðin starfsmaður sem sinnir þessu verkefni en á tveim yngri deildum eru það deildarstjórar.

Mikil áhersla er lögð á heilbrigði og vellíðan í öllu leikskólastarfinu. Unnið er að hreyfingu á margvíslegan hátt með vikulegum stundum í íþróttasal, sundi og fimleikum fyrir eldri börnin, vettvangferðum auk daglegrar útiveru. Í vettvangsferðum er farið með hópa út fyrir lóð leikskólans. Leikskólinn hefur ásamt Salaskóla og leikskólanum Rjúpnahæð aðgang að útinámssvæði sem kallast Rjúpnalundur og vinnan þar einkennist af aðstæðum og möguleikum hverju sinni en er ekki skipulögð fyrirfram³⁴. Í haust voru keyptir matseðlar frá Skólum ehf., matseðlarnir spanna átta vikna tímabil og með þeim fylgja uppskriftir af matnum og nákvæmur útreikningur á næringargildi. Einnig er boðið upp á ávexti á morgnana og síðdegis. Í kaffistofu eru alltaf ávextir fyrir starsfólk. Almenn ánægja er með matinn bæði hjá börnum og starfsfólki. Átak hefur verið gert til að auka vatnsdrykkju bæði barnanna og

²⁴Skólanámskrá Fífusala.

²⁵Rýnihópur starfsmanna.

²⁶Rýnihópur deildarstjóra.

²⁷Rýnihópur deildarstjóra og leikskólakennara.

²⁸Rýnihópur deildarstjóra, leikskólakennara.

²⁹Rýnihópur deildarstjóra og starfsmanna.

³⁰Rýnihópur starfsmanna og deildarstjóra og viðtal við leikskólastjóra.

³¹Rýnihópur leikskólakennara og deildarstjóra.

³²Rýnihópur barna.

³³Rýnihópur deildarstjóra og viðtal við aðstoðarleikskólastjóra.

starfsmanna og er vatn í boði inni á öllum deildum, einnig hefur kaffikönnu á kaffistofu verið skipt út fyrir vatnsvél³⁵. Haustið 2015 var byrjað á vínáttuverkefni Barnaheilla sem er forvarnarverkefni gegn einelti í leikskólanum og fjallar verkefnið um samskipti og líðan barnanna. Markmiðið er að þetta færist yfir á hinar deildarnar og öll börn á leikskólanum verða þátttakendur í því.

Flokkunarkerfi er í leikskólanum og er allt sorp flokkað. Skólinn var áður grænfánaskóli en hætti þegar heilsustefnan var tekin inn þar sem stjórnendum fannst stefnurnar skarast og óþarfa kostnaður að vera með báðar. Moltutunnur eru á útsvæði en þær eru ekki notaðar, þar sem erfitt hefur reynst að ná góðum árangri í moltugerð og sveitafélagið býður nú upp á brúnar tunnur fyrir lífrænan úrgang³⁶. Gróðurkassar eru á útsvæði þar sem ræktaðar eru kartöflur og fleira á sumrin.

Einingarkubbar eru á hverri deild sem notaðir eru í frjálsa leiknum en matsmenn sáu ekki að unnið væri með grunnhugtök og hugmyndafræði kubbana þar, einnig eru holukubbar í sameiginlegu rými. Leikskólinn á Numikon kubba en matsmenn sáu ekki að verið væri að vinna með þá.

Í leikskólanum er sérstakt rými fyrir skapandi starf og er einn starfsmaður þar. Öll börn leikskólans fara þangað í minni hópum og vinna í listsköpun undir hans leiðsögn. Á deildum eru litir, blöð og skæri í boði fyrir börnin. Bókasafn í nágrenni skólans er mikið notað, einnig er farið í vettvangsferðir svo sem leikhúsför og á tónleika Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Velferð og líðan barna

Andrúmsloft á deildum er yfirleitt afslappað og einkennist af virðingu og trausti. Starfsmenn leitast við að sinna börnunum einstaklingslega og stuðla að því að allir eigi sinn rétt í barnahópnum. Í vettvangsathugun sást að starfsmenn sátu almennt á gólfinu hjá börnunum og léku við þau og almennt beygðu þeir sig niður til þeirra þegar talað var við þau. Matsmenn fundu fyrir mikilli ró og yfirvegum í daglegu starfi. Misjafnt er eftir deildum hversu mikill metnaður er fyrir því að gera umhverfið hlýlegt.

Í rýnihópi foreldra kom fram að lögð er áhersla á að taka vel á móti börnunum og kveðja í lok dags, foreldrar töluðu um hvað það væri gott að á morgnana þegar komið er í leikskólann er börnunum heilsað fyrst og síðan foreldrunum. Einnig kom fram að foreldrar tækju eftir mikilli samvinnu milli starfsmanna, samanber það að þegar vantaði fólk á deild þá kæmi einhver frá annari deild og jafnvel stjórnendur³⁷.

Í rýnihóp barnanna kom fram að þeim finnst gaman í leikskólanum. Þeim líður vel þar, þau eru glöð og segja að það sé „leiðinlegt ef maður er veikur“³⁸.

Mat á námi og velferð barna

Í skólanámskrá Fífusala kemur fram að við upphaf leikskólagöngu fær hvert barn Heilsubók barnsins. Í hana er skráð heilsufar, hæð og þyngd, félagsleg færni, úthald, þekking á litum og formum, hreyfifærni, næring og svefn og færni í listsköpun (meðal annars þróun teikninga). Skráningin fer fram tvisvar sinnum á ári, haust og vor. Þessi skráning gerir starfsfólki kleift að fylgjast með þroskaframvindu barnsins auk þess að vera gott tæki til að upplýsa foreldra um stöðu barnsins. Þegar leikskólagöngu lýkur fær barnið Heilsubókina til eignar og sýnir hún þá þroskaferlið sem barnið hefur farið í gegnum öll leikskólaár sín³⁹.

Að hausti er gert Hljóm 2 próf á öllum elstu börnunum. Hljóm 2 er greiningartæki sem kannar hljóðkerfisvitund barnanna. Áætlað er að gera EFI 2 próf á öllum þriggja ára börnum og ef þurfa þykir er notast við skimunarlistann Orðaskil sem er málþroskaþróf sem byggir á orðaforðagátlista fyrir börn á aldrinum eins og hálf til þriggja ára. Börnin eiga ferilmöppur þar sem þau teikna sjálfmynd tvisvar á ári auk þess sem þar er eitt myndverk frá hverri önn. Ekki fara fram neinar sérstakar uppeldislegar skráningar⁴⁰.

³⁴ Skólanámskrá Fífusala.

³⁵ Rýnihópar starfsmanna, leikskólakennara og deildarstjóra. Viðtöl við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra.

³⁶ Viðtöl við leikskólastjóra.

³⁷ Rýnihópur foreldra.

³⁸ Rýnihópur barna.

³⁹ Skólanámskrá Fífusala.

⁴⁰ Viðtöl við sérkennslustjóra og rýnivíðtal við deildarstjóra.

Styrkleikar

- Fjölbreyttar aðferðir eru notaðar til að meta þroska barnanna.
- Starfsfólk leggur sig fram við að hafa jákvæð samskipti við börnin.
- Vettvangsferðir eru farnar vikulega á öllum deildum.
- Unnið er með alla grunnþætti menntunar og námssvið í aðalnámsskrá.
- Unnið er markvist með málörvun barna.
- Börnin eru glöð og líður vel í skólanum.

Tækifæri til umbóta

- Æskilegt er að bæta aðgengi barnanna að leikefni og hafa leikföng og annan efnivið í hæð þeirra. Einnig þarf að huga að aðgengi að leikefni í smiðju.
- Gott er að merkja kassa með leikföngum t.d. með myndum og orðum.
- Auka má áherslu á sjálfstæði barnanna í öllu leikskólastarfinu.
- Æskilegt að gera ritmál sýnilegra í umhverfinu.
- Hugsa þarf að faglegri leiðbeiningu fyrir starfsfólk í smiðju.
- Auka mætti samvinnu og flæði á milli yngri gangs og eldri gangs.
- Betur mætti samræma faglegt starf á milli deilda.
- Efla þarf lýðræðislega þátttöku barnanna í öllu skólastarfi.

Foreldrasamvinna og ytri tengsl

Þátttaka foreldra og upplýsingamiðlun

Foreldraráð er starfandi við leikskólann og í því sitja þrjú fulltrúar kosnir á foreldrafundi að hausti ásamt einum kennara og leikskólastjóra. Ráðið hefur sett sér starfsreglur og fundir eru að meðaltali tvisvar á önn eða eftir þörfum. Foreldraráð fer yfir starfsáætlun leikskólans og gefur umsögn sem send er rekstraraðilum. Á fundum foreldraráðs eru ritaðar fundargerðir en þær eru ekki aðgengilegar á heimasíðu skólans.

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann og eru haldnir fundir eftir þörfum. Í stjórn félagsins sitja sex foreldrar og aðstoðarleikskólastjóri situr fundina sem tengiliður leikskólans auk eins starfsmanns. Á fundum eru ritaðar fundargerðir en þær eru ekki sýnilegar á heimasíðu leikskólans. Foreldrafélagið skipuleggur hina ýmsu viðburði í samstarfi við leikskólann.

Kynningarfundur fyrir foreldra er haldinn í september ár hvert þar sem farið er yfir áherslur skólaársins og skipulag. Aðlögun yngstu barnana fer fram með þátttökuaðlögun þar sem foreldrar dvelja fyrstu þrjú dagana í leikskólanum með börnum sínum og taka fullan þátt í starfinu. Á þeim tíma er fundur með foreldrum þar sem stefna leikskólans er kynnt og farið yfir ýmsar hagnýtar upplýsingar. Leikskóladeild Kópavogs býður einnig öllum foreldrum yngstu barna á kynningarfund um hvernig er að byrja í leikskóla og kallast það *Samvinna um barnið*. Foreldraviðtöl eru einu sinni á ári að vori. Í rýnivíðtali við foreldra kom fram að deildarstjórar eru vel undirbúnir fyrir foreldraviðtöl og eru með upplýsingar um barnið frá starfsfólki í smiðju og leikvangi. Farið er yfir stöðu barnsins með foreldrum og þeir beðnir um að koma með sínar athugasemdir⁴¹.

Boðið er upp á aðlögunarviðtal fyrir nýja foreldra tveim mánuðum eftir að barnið byrjar í leikskólanum. Í foreldrakönnun Skólaláttvísingarsins sem lögð var fyrir vorið 2016 kom fram að foreldrum fannst upplýsingamiðlun frá skólanum ekki næg. Í framhaldi af því var opnuð facebooksíða fyrir hverja deild þar sem starfsfólk setur inn upplýsingar og myndir. Einnig var ákveðið að bjóða upp á símatíma

⁴¹Rýnihópur foreldra.

deildarstjóra einu sinni í viku þar sem foreldrar geta hringt og rætt málin. Upplýsingatafla er í fataklefa og við inngang allra deilda og á föstudögum senda deildarstjórar tölvupóst til foreldra og auk þess sendir leikskólastjóri fréttabréf eftir þörfum.

Viðhorf foreldra

Foreldrar í rýnihóp voru jákvæðir í ummælum sínum um leikskólann og starfsmenn. Þeir sögðu starfsmenn alltaf jákvæða, glaða og taka vel á móti börnunum á morgnana. Starfsmönnum væri umhugað um velferð barnanna og þeir legðu sig fram við að hlusta á bæði börnin og foreldrana. Þeir finni að samvinna og samkennd einkenni starfsmannahópinn og sjái að verið sé að hjálpast að, samanber þegar veikindi eru hjá starfsfólki. Fram kom að gott væri að leita til bæði starfsmanna og stjórnenda og að yfirleitt væri reynt að koma til móts við óskir foreldra⁴².

Samstarf við grunnskóla

Gott samstarf er við grunnskólann. Að hausti fara deildarstjórar elstu barna á fund með skólastjórnendum Salaskóla og gerð er áætlun um samstarf fyrir veturinn. Í samvinnu við menntasvið og dægradvöl Salaskóla fær leikskólinn afnot af húsnæði grunnskólans á sumrin fyrir elstu börnin. Öll elstu börnin og starfsmenn fara þá yfir í grunnskólann fyrsta júní og eru þar fram að skólabyrjun. Aðlögun nýrra barna getur því hafist í byrjun júní.

Annað samstarf

Gott samstarf er við sundlaug hverfisins og Íþróttafélagið Gerplu. Bókasafnið er heimsótt reglulega og gott samstarf er við heilsugæsluna sem er í næsta húsi. Fyrir jólin fara börnin í kirkju.

Styrkleikar

- Mikið er lagt upp úr góðu samstarfi við foreldra.
- Viðhorf foreldra til skólans er jákvætt og þeir telja að börnunum líði vel í leikskólanum.
- Upplýsingum er komið til foreldra með fjölbreyttum hætti, t.d. í gegnum facebook.
- Gott samstarf er við grunnskólann og grenndarsamfélagið.

Tækifæri til umbóta

- Æskilegt er að gera skriflega áætlun um samstarf við grunnskóla og birta í starfsáætlun.
- Gera fundargerðir foreldraráðs aðgengilegar á heimasíðu.
- Gera fundargerðir foreldrafélagsins aðgengilegar á heimasíðu.

Skóli án aðgreiningar

Sérfræðipjónusta og sérkennsla

Í leikskólanum starfar sérkennslustjóri í 75% starfshlutfalli og hefur hann yfirumsjón með sérkennslumálum skólans⁴³. Einnig starfa við skólann þroskaþjálfari og annar sérkennari. Skólinn nýtur þjónustu menntasviðs Kópavogs en þar eru starfandi sérkennsluráðgjafar, sálfræðingar og talmeinafræðingur. Í skólanámskrá kemur fram að meginreglan er að sérkennslan fari fram í hópi barna, en þess sé gætt að börn sem njóti sérkennslu einangrist ekki frá barnahópnum og að þau njóti eðlilegra félagslegra tengsla. Í vettvangsathugun og viðtölum við starfsfólk kom fram að unnið er sérstaklega með börn sem hafa slaka málvitund. Þessi vinna fer fram einstaklingslega eða í litlum hópum í sérstöku rými⁴⁴.

⁴² Rýnihópur foreldra.

⁴³ Skólanámskrá Fífusala.

⁴⁴ Rýnihópur deildarstjóra, leikskólakennara, viðtölum við sérkennslustjóra og leikskólastjóra.

Sérkennslustjóri segir í viðtali að hennar verkefni sé að halda utan um sérkennslumálin, gera einstaklingsnámskrár ásamt því að skipuleggja og fylgja því eftir að unnið sé samkvæmt þeim. Ef það er þroskaþjálfari sem sér um sérkennsluna þá gerir hann grunninn að einstaklingsnámskrá og sérkennslustjórinn fer yfir og að lokum foreldrarnir. Einstaklingsnámskrár eru endurskoðaðar að hausti og eftir áramót. Sérkennslustjóri segist ennfremur í viðtali halda utan um teymisfundi, fara inn á deildir, fylgjast með og veita ráðgjöf til deildarstjóra um börn sem þurfa sérkennslu. Einnig geti deildarstjórar óskað eftir að hún fylgist með öðrum börnum og meti hvort ástæða sé til frekari athugunar⁴⁵.

Ekki er til skriflegur verkferil ef upp kemur grunur um þroskafrávik hjá barni. Venjan er að sérkennslustjóri er beðinn um að aðstoða deildarstjóra og fylgjast með barninu. Að athugun lokinni eru foreldrar boðaðir í viðtal og þeim kynnt hver staða barnsins er, þeirra sjónarmið fengið og rætt hvað er hægt að gera. Ef þurfa þykir er formlegt erindi um meiri aðstoð og greiningu sent til menntasviðs⁴⁶.

Deildarstjóri sér um að koma upplýsingum um sérkennslubörnin á deildinni til starfsfólks deildarinnar en metið er hvort allt starfsfólk skólans á að fá upplýsingarnar og ef svo er þá er það rætt á deildarstjórafundum og deildarstjórar sjá svo um að upplýsa sitt starfsfólk.⁴⁷

Í viðtölum og rýnihópum kom fram að bæta þyrfti skipulag sérkennslu, þar sem óskað var eftir styrkari stjórn, meiri samvinnu og leiðbeiningum frá sérkennslustjóra⁴⁸. Einnig kom fram ábending um að einstaklingsnámskrár mættu vera sýnilegri og virkari í starfi á deildum.

Fram kom óánægja með aðstöðu til að vinna einstaklingslega með sérkennslubörn þar sem eitt herbergi er samnýtt fyrir fundi, foreldraviðtöl og fleira⁴⁹. Búið er að skerma af horn í sal í miðrymi til að vinna með málörvun. Það kom fram hjá sérkennslustjóra að skólinn væri vel búinn kennslugögnum, stöðugt væri verið að kaupa nýtt og endurnýja ef þurfa þykir.

Í rýnihópi foreldra kom fram að þeir eru ánægðir með sérkennsluna. Foreldrar vissu að unnið væri mjög vel með börn með slakan málþroska. Eitt foreldri sagði „haft var samband við okkur og það var greinilegt að búið var að ræða mál barnsins og bera sig saman. Deildarstjórar hafa frumkvæðið og það er mjög gott samstarf þar sem farið er eftir ábendingum og óskum frá okkur⁵⁰.”

Ekki hefur verið mótað verklag um móttöku barna sem hafa annað móðurmál en íslensku.

Styrkleikar

- Sérkennslustjóri starfar við leikskólann.
- Vel er unnið að málörvun barna með slaka málvitund.
- Gerðar eru einstaklingsnámskrár fyrir börn með skilgreindar fatlanir.
- Foreldrar eru ánægðir með sérkennslu.

Tækifæri til umbóta

- Æskilegt er að gera skipulag sérkennslu skriflegt og einnig þá verkferla sem unnið er eftir komi upp grunur um þroskafrávik hjá barni.
- Efla þarf samvinnu þeirra sem koma að sérkennslu.
- Efla þarf ráðgjöf og leiðbeiningar hvað varðar sérkennslu til starfsmanna á deildum.
- Æskilegt er að til sé skriflegt verklag um móttöku barna með annað móðurmál en íslensku.
- Auka ætti áherslu á að málörvun barna fari sem mest fram í barnahópnum inni á deild.

⁴⁵Viðtal við sérkennslustjóra.

⁴⁶Viðtal við sérkennslustjóra.

⁴⁷Viðtal við sérkennslustjóra.

⁴⁸Rýnihópar og viðtöl við deildarstjóra, leikskólakennara og starfsmenn.

⁴⁹Rýnihópur deildarstjóra, leikskólakennara og viðtal við sérkennslustjóra.

⁵⁰Rýnihópur foreldra.

Innra mat

Skipulag og viðfangsefni

Mat á starfsháttum fer reglulega fram, meðal annars með Ecers kvarðanum að sögn leikskólastjóra, og einnig voru markmið heilsustefnunnar metin í fyrsta skipti nýlega eftir þar til gerðum gátlista. Langtímaáætlun í innra mati liggur ekki fyrir og ekki hefur verið gerð matsáætlun fyrir skólaárið. Matið er því ekki kerfisbundið. Ekkert matsteymi starfar við skólann og stjórnendur sjá að mestu um skipulag og framkvæmd mats.

Gagnaöflun og vinnubrögð

Mat á framförum barna fer fram reglulega með Heilsubók barnsins en niðurstöður virðast ekki markvisst greindar fyrir hópinn. Niðurstöður úr foreldrakönnun Skólapúlsins eru markvisst nýttar í innra mati og einnig eru niðurstöður úr starfsþróunarviðtölum notaðar í innra mati. Í starfsáætlun og í viðtali við leikskólastjóra kemur fram að starfið er metið eftir Ecers kvarðanum annað hvert ár, eins og gert er í leikskólum í Kópavogi. Í viðtali við leikskólastjóra kom fram að skólinn hefur verið að þróa sig áfram með fyrirkomulag þess mats. Ecers kvarðinn virðist ekki hafa verið aðlagður að aðalnámskrá leikskóla frá 2011.

Opinber birting og umbætur

Í árlegri starfsáætlun er gerð grein fyrir helstu niðurstöðum innra mats og umbótaþættir tilgeindir auk þess sem lauslega er farið yfir hvernig tekist hefur að vinna að umbótum frá síðasta skólaári. Ekki er um eiginlega umbótaáætlun að ræða þar sem t.d. vantar að tilgreina aðgerðir og tímasetningar svo og ábyrgðaraðila.

Styrkleikar

- Mat á starfsháttum fer fram reglulega þar sem leitað er til foreldra í könnun og starfsfólk í grundar starfið þegar metið er eftir Ecers kvarðanum.
- Markmið heilsustefnunnar eru metin.
- Reglulega fer fram mat á framförum barna.
- Niðurstöður úr ytra mati eru nýttar í innra mat.
- Brugðist er við niðurstöðum sem gefa til kynna að umbóta sé þörf.

Tækifæri til umbóta

- Innra mat skólans þarf að kerfisbinda með langtímaáætlun til nokkurra ára og lýsa þarf matskerfi skólans í skólanámskrá eða starfsáætlun.
- Gera þarf nákvæma matsáætlun fyrir hvert skólaár þar sem metið er hvernig gengur að ná markmiðum skólans út frá tilgreindum viðmiðum. Tímasetja þarf matið og tilgreina ábyrgðaraðila og hvernig gagna á að afla.
- Allir hagsmunahópar ættu að koma að því að ákveða áherslur og skipulag innra mats t.d. með stofnun matsteymis sem í sitja fulltrúar stjórnenda, starfsfólks og foreldra.
- Leita þarf til allra hagsmunahópa þegar gagna er aflað, þar með talið starfsfólks og barna.
- Greina þarf styrkleika og tækifæri til umbóta fyrir innra matið í heild sinni.
- Vinna þarf áfram með tækifæri til umbóta út frá nákvæmri umbótaáætlun þar sem aðgerðir eru tilgreindar og tímasettar svo og ábyrgðaraðilar, viðmið um árangur sett fram og fram kemur hvernig og hvenær endurmeta á árangurinn.
- Ef áfram á að nota Ecers kvarðann sem viðmið um gæði þarf að aðlaga hann að aðalnámskrá leikskóla og einnig stefnu skólans þannig að helstu markmið séu metin reglulega og markvisst.

Matsþættir

Niðurstöður matsins eru settar fram á myndrænan hátt með lituðum kvarða.

- D → 1,0 – 1,5 = **rautt** – mikil umbótaþörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.
- C → 1,6 – 2,5 = **gult** – meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta.
- B → 2,6 – 3,5 = **ljósgrænt** – meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.
- A → 3,6 – 4 = **grænt** – flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Stjórnun	Uppeldis- og menntastarf	Leikskólabragur	Foreldrasamstarf	Innra mat
Skólanámskrá, starfsáætlun og verklagsreglur	Skipulag náms og náms-aðstæður	Viðmót og menning	Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	Skipulag og viðfangsefni
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Uppeldi, menntun og starfshættir	Velferð og líðan barna	Viðhorf foreldra	Gagnasöfnun og vinnubrögð
Stjórnun og daglegur rekstur	Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Hlutverk leikskólakennara		Opinber birting og umbætur
Faglegt samstarf	Námssvið leikskólans	Fagmennska starfsfólks		
Leikskólaþróun og símenntun	Leikskóli án aðgreiningar	Starfsánægja		
	Mat á námi og velferð barna			

Samantekt

Í þessari skýrslu eru eftirfarandi þættir metnir í starfi leikskólans Fífusala: Leikskólinn og umhverfi hans, stjórnun, uppeldis- og menntastarf, mat á námi og velferð barna, skólabragur og samskipti, velferð og líðan barna, foreldrasamvinna og ytri tengsl, skóli án aðgreiningar, innra mat. Áhersla úttektarinnar fólst í að leggja mat á hvort starfsemi leikskólans væri í samræmi við ákvæði laga og reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.

Í lok hvers kafla hefur verið gerð grein fyrir styrkleikum leikskólans og hvar tækifæri liggja til úrbóta. Hér á eftir er heildarmat sett fram á sama hátt.

Styrkleikar

- Stefna skólans er skýrt sett fram í skólanámskrá.
- Heilsustefna leikskólans er mjög sýnileg í starfinu þar sem lögð er áhersla á hollt mataræði, hreyfingu og útiveru.
- Allir þátttakendur þekktu heilsustefnuna og margir nefndu hana sem helsta styrkleika skólans.
- Gildi skólans, virðing og samvinna voru sýnileg í vettvangsathugunum.
- Stjórnendur leggja rækt við samskipti við börn, starfsmenn og foreldra, eru sýnilegir í starfi og gott er að leita til þeirra.
- Samvinna stjórnenda er góð.
- Starfsáætlun birtist á heimasíðu og stenst kröfur aðalnámskrár.
- Stjórnendur leiða faglegt starf í samvinnu við stórnendateymi.
- Stjórnendateymi fundar daglega þar sem farið eru yfir skipulag dagsins framundan.
- Upplýsingaflæði innan leikskólans er almennt gott.
- Leikskólastjóri skapar svigrúm og hvetur til símenntunar.
- Starfsandi og skólabragur er almennt góður að mati þátttakenda í viðtölum og rýnihópum.
- Gott aðgengi er að sérfræðipjónustu á vegum Kópavogsbæjar.
- Fjölbreyttar aðferðir eru notaðar til að meta þroska barnanna.
- Starfsfólk leggur sig fram við að hafa jákvæð samskipti við börnin.
- Vettvangsferðir eru farnar vikulega á öllum deildum.
- Unnið er með alla grunnþætti menntunar og námssvið í aðalnámskrá.
- Unnið er markvist með málörvun barna.
- Börnin eru glöð og líður vel í skólanum.
- Mikið er lagt upp úr góðu samstarfi við foreldra.
- Viðhorf foreldra til skólans er jákvætt og þeir telja að börnunum líði vel í leikskólanum.
- Upplýsingum er komið til foreldra með fjölbreyttum hætti, t.d. í gegnum facebook.
- Gott samstarf er við grunnskólann og grenndarsamfélagið.
- Sérkennslustjóri starfar við leikskólann.
- Vel er unnið að málörvun barna með slaka málvitund.
- Gerðar eru einstaklingsnámskrár fyrir börn með skilgreindar fatlanir.
- Foreldrar eru ánægðir með sérkennslu.

- Mat á starfsháttum fer fram reglulega þar sem leitað er til foreldra í könnun og starfsfólk ígrundar starfið þegar metið er með Ecers kvarðanum.
- Markmið heilsustefnunnar eru metin.
- Reglulega fer fram mat á framförum barna.
- Niðurstöður úr ytra mati eru nýttar í innra mat.
- Brugðist er við niðurstöðum sem gefa til kynna að umbóta sé þörf.

Tækifæri til umbóta

- Huga þarf að loftgæðum og viðhaldi innanhúss.
- Huga að því hvort unnt sé að bæta aðstöðu til funda og sérkennslu svo og salernisaðstöðu starfsfólks.
- Kominn er tími til að yfirfara og laga ýmsa hluti á lóð leikskólans, svo sem fallvörn við rólur. Rólur vantar fyrir yngstu börnin.
- Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði laga nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólustjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla og því þarf áfram að leita allra leiða til að ráða leikskólakennara til starfa.
- Vinna má betur með gildi skólans og gera þau enn sýnilegri í starfinu öllu.
- Skrá þarf verkaskiptingu stjórnenda og gera skipurit fyrir leikskólann.
- Deildarfundi þarf að halda reglulega og efla mætti faglega umræðu, t.d. með fagfundum.
- Gera má skólanámskrá sýnilegri á heimasíðu og í henni má gera betur grein fyrir markmiðum, fyrirkomulagi og uppbyggingu samstarfs og tengsla á milli skólastiga og lýsa vinnulagi og aðferðum við að meta þroska barna, nám, vellíðan og færni betur.
- Vinna þarf símenntunaráætlun fyrir leikskólann.
- Mikilvægt er að fylgja erfiðum málum er upp koma í starfsmannahópnum markvisst eftir í samvinnu við menntasvið Kópavogsbæjar.
- Upplýsa þarf starfsmenn almennt um það verklag sem unnið er eftir varðandi öll erfið mál sem upp kunna að koma og gæta að gegnsæi.
- Upplýsa þarf starfsmenn, eftir því sem við á, um lausnir erfiðra mála.
- Áfram þarf að vinna að því að efla starfsanda.
- Vinna þarf að bættum samskiptum á milli leikskólustjóra og starfsmanna leikskóladeildar menntasviðs.
- Endurskoða þarf foreldrahandbók á heimasíðu og klára endurskoðun starfsmannahandbókar.
- Stjórnendur ættu markvisst að fylgjast með námi og starfi á leikskólanum í þeim tilgangi að gefa starfsfólki endurgjöf.
- Æskilegt er að bæta aðgengi barnanna að leikefni og hafa leikföng og annan efnivið í hæð þeirra. Einnig þarf að huga að aðgengi að leikefni í smiðju.
- Gott er að merkja kassa með leikföngum t.d. með myndum og orðum.
- Auka má áherslu á sjálfstæði barnanna í öllu leikskólastarfinu.
- Æskilegt að gera ritmál sýnilegra í umhverfinu.
- Huga þarf að faglegri leiðbeiningu fyrir starfsfólk í smiðju.

- Auka mætti samvinnu og flæði á milli yngri gangs og eldri gangs.
- Betur mætti samræma faglegt starf á milli deilda.
- Efla þarf lýðræðislega þátttöku barnanna í öllu skólastarfi.
- Æskilegt er að gera skriflega áætlun um samstarf við grunnskóla og birta í starfsáætlun.
- Gera fundargerðir foreldraráðs aðgengilegar á heimasíðu.
- Gera fundargerðir foreldrafélagsins aðgengilegar á heimasíðu.
- Æskilegt er að gera skipulag sérkennslu skriflegt og einnig þá verkferla sem unnið er eftir komi upp grunur um þroskafrávik hjá barni.
- Efla þarf samvinnu þeirra sem koma að sérkennslu.
- Efla þarf ráðgjöf og leiðbeiningar hvað varðar sérkennslu til starfsmanna á deildum.
- Æskilegt er að til sé skriflegt verklag um móttöku barna með annað móðurmál en íslensku.
- Auka ætti áherslu á að málörvun barna fari sem mest fram í barnahópnum inni á deild.
- Innra mat þarf að kerfisbinda með langtímaáætlun til nokkurra ára og lýsa þarf matskerfi skólans í skólanámskrá.
- Gera þarf nákvæma matsáætlun fyrir hvert skólaár þar sem metið er hvernig gengur að ná markmiðum skólans út frá tilgreindum viðmiðum. Tímasetja þarf matið og tilgreina ábyrgðaraðila og hvernig gagna á að afla.
- Allir hagsmunahópar ættu að koma að því að ákveða áherslur og skipulag innra mats t.d. með stofnun matsteymis sem í sitja fulltrúar stjórnenda, starfsfólks og foreldra.
- Leita þarf til allra hagsmunahópa þegar gagna er aflað, þar með talið starfsfólks og barna.
- Greina þarf styrkleika og tækifæri til umbóta fyrir innra matið í heild sinni.
- Vinna þarf áfram með tækifæri til umbóta út frá nákvæmri umbótaáætlun þar sem aðgerðir eru tilgreindar og tímasettar svo og ábyrgðaraðilar, viðmið um árangur sett fram og fram kemur hvernig og hvenær endurmeta á árangurinn.
- Ef áfram á að nota Ecers kvarðann sem viðmið um gæði þarf að aðlaga hann að aðalnámskrá leikskóla og einnig stefnu skólans þannig að helstu markmið séu metin reglulega og markvisst.

Lokaorð

Ytra mat með vettvangsathugunum, viðtölum og greiningu gagna í leikskólanum Fífusölum leiðir í ljós að þar fer fram gott leikskólastarf. Heilsustefna leikskólans er til fyrirmyndar og birtist mjög vel í starfinu. Vel er unnið með grunnþætti menntunar og námssvið aðalnámskrár. Mikið er lagt upp úr góðu samstarfi við foreldra, þeir eru ánægðir með leikskólann og telja að börnunum líði vel. Á vettvangi mátti greina virðingu og umhyggju fyrir börnunum og samvinna var góð. Skólabragur er almennt góður, unnið hefur verið með starfsanda og áfram þarf að vinna á þeirri braut. Auka þarf lýðræðislega þátttöku barna í skólastarfinu og gera aðgengi þeirra að leikefni betra. Skipuleggja þarf innra mat leikskólans og vinna það út frá áætlunum þar sem markvisst er fylgst með hvernig gengur að vinna að markmiðum skólanámskrár út frá fyrirfram ákveðnum viðmiðum.

Heimildir

Aðalnámskrá leikskóla 2011. Sótt á vef 4. nóvember 2015.

Slóðin er: <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefing-efni/namskrar/adalnamskra-leikskola/>.

Lög um leikskóla Nr. 90/2008.

Lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008.

Viðtöl:

Símtal við deildarstjóra menntasviðs Kópavogsbæjar.

Viðtal við leikskólastjóra.

Viðtal við aðstoðarleikskólastjóra.

Viðtal við rýnihóp barna.

Viðtal við rýnihóp deildarstjóra.

Viðtal við rýnihóp foreldra.

Viðtal við rýnihóp starfsmanna.

Viðtal við sérkennslustjóra.

